

skýrslu, er ráðgjafinn hefir útvegað frá foringjanum á herskipi því, er í fyrra sumar 54 hafði stöð við Ísland, en í skýrslu þessari segir, að fiskmergðin á miðum þeim, er Ís- 18. apríl. lendingar sækja nú, og sem hjer er um að ræða, sje svo mikil, að fiskiveiðar Færeyinga, að hans áliti, eigi geti valdið þar neinni verulegri fækkun. Og að því er Færeyinga sjálfa snertir, þá hefir dómismálastjórnin sent hingað skýrslur frá yfirvaldinu þar á eyjunum, sem, í góðri samhljóðan við það, að eyjarskeggjar á sínum tíma sendu öflugar bænarskrár um að alþingisfrumvarpið 1883 yrði ekki gjört að lögum, sýna, að fiskiveiðar þær, er Færeyingar reka við austurstrendur Íslands, og sem bæði mega heita töluverðar eptir stærð eyjanna og veita Færeyingum góða atvinnu, mundu bíða stórkostlegan hnekki og jafnvel verða að leggjast niður með öllu, ef lagafrumvarp það, er hjer ræðir um, yrði gjört að lögum.

Ráðgjafinn hefir samkvæmt þessu eigi getað álitid það rjett, að ráða hans hátign konunginum til að leggja allrahæsta staðfestingu á lagafrumvarp það um fiskiveiðar í landhelgi, er alþingi hefir samþykkt, og hefir hann því lagt það allraþegnsamlegast til að synjað yrði staðfestingar á því, en sú tillaga var 15. þ. m. allra náðarsamlegast samþykkt.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, og skal því við bætt, að stjórnin ætlar að leggja af nýju fyrir alþingi það, er nú fer í hönd, bæði hin áðurnefndu fiskilagafrumvörp, er lögð voru fyrir alþingi 1885.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu á kirkjujörð. — Eptir að 55 jeg hafði sent ráðgjafanum skjöl þau og skilríki viðvíkjandi sölu á hálfum Þórólfsdal 19. apríl. í Lóni frá Stafafellskirkju til Sveins bústjóra Bjarnasonar í Volaseli, sem fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. 22. nóvbr. f. á, hefir ráðgjafinn með brjefi 21. f. m. tilkynnt mjer, að hans hátign konunginum hafi þóknast 8. s. m. að fallast á, að nefndur jarðarhluti verði seldur beiðandanum fyrir 800 kr.

Um leið og þetta tilkynnist hjermeð hinum háttvirtu stiptsyfirvöldum, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að annast um, að söluverð jarðarhlutans verði, þegar er það greiðist, sett á vöxtu sem föst innstæða Stafafellskirkju undir stjórn biskupsins.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um flutning á þingstað. — Eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Holtshreppi í Skagafjardarsýslu, 22. apríl. 56 sem bæði sýslunefnd og sýslumaður hafa mælt fram með, og eptir tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m., veiti jeg hjermeð samþykki mitt til, að þingstaðurinn í tjeðum hreppi sje fluttur frá Stóra-Holti að Efra-Haganesi, með því skilyrði, að hreppsnefndin komi sem fyrst upp húsi á Efra-Haganesi, sem notað verði fyrir þinghús.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Strandasýslu um gjafafje til að afstýra hallæri. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 25. f. m. hafid þjer, herra sýslumaður, 22. apríl. 57 eptir ákvörðun sýslunefndarinnar í Standasýslu á aðalfundi hennar 16.—18. f. m., og